

## Bill lét þau boð út ganga að bólusetja skyldi alla heimsbyggðina

„Ef við viljum snúa aftur til fyrri lífshátta og vera raunsæ, verðum við að búa til öruggt, áhrifamikið bóluefni. Við verðum að framleiða milljónir skammta, við þurfum að dreifa þeim til allra heimshorna, og þetta verður að gerast eins fljótt og auðið er.“ (Bill Gates)

Þegar tölvuauðjöfurinn, Bill Gates (f. 1955), átti í þrálátum útistöðum við dómskerfið í Bandaríkjum Norður-Ameríku, vegna endurtekinna brota á samkeppnislögum, lýsti Thomas Penfield Jackson (1937-2013) dómari honum svo: „Hann lítur á sjálfan sig sem eins konar Napóleon og [lítur stórum augum á] fyrirtæki sitt. Hrokinn á rætur í valdi og óbrigðulli (unalloyed) velgengni, ...“

Bill er er bjargvættur heimsins, segja sumir, óskólaður tölvu-Tóti er nú orðinn að skærustu stjórnun ónæmisfræðanna. Græðgin virðist óhamin. Þegar Bill hafði lagt undir sig mikilvægan hluta tölvumarkaðarins fór hann að renna hýrum augum til félagsmiðla, fjölmiðla og lyfjafyrirtækja.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Bill hefur eignast bitastæðan hlut í flestum meiriháttar fjölmiðlunarfyrirtækjum - eða styrkir þau með ógnarlegum upphæðum. Það sama á við um fjöldann allan af æðri menntastofnunum og fagtímaritum. Þessi fyrirtæki gagnast honum vel við að færa veröldinni fréttir af afrekum hans, þagga niður í gagnrýnisröddum, falsa upplýsingar, skapa ógn og skelfinu við veiruheimsendi.

Það er blátt áfram kaldhæðnislegt, að Bill hafi sett á stofn „staðreyndafyrirtæki“ (fact check), oft í samvinnu við félag sína eða jafnvel stjórnvöld, til að elta uppi og ófræja þá, sem af veikum mætti andmæla honum.

Og svo til að bæta gráu ofan á svart lætur hann framleiða – oft og tíðum í samvinnu við annan Napóleon, Anthony Fauci (f. 1940) - villurannsóknir í besta kvenfrelsunaranda, til að niðra og bakbíta alvöru vísindamenn og troða þá í svaðið. Dæmi um þetta eru svikarannsóknir á lyfjunum „Ivermectin“ og „hydroxychloroquine,“ sem með öðrum lyfjum hafa gefist vel við lækningar á veirusýkingunni.

Tilgangurinn var vafalaust að vernda bóluefnamarkaðinn og magna múgsefjunina, sem þeir og hliðhollar stofnanir höfðu skapað. Ugglaut hafa þeir einnig haft í huga að tryggja markað fyrir hið ónothæfa og hættulega lyf, Remdesivir, sem notað er á sjúkrahúsum, en inn á sjúkrahús vilja fóstræður fá sem flesta sjúklinga til að skapa ringulreið og örvinglan, þar til sjúkrahúsin springa.

Rannsóknir WHO höfðu meira að segja sýnt fram á, að umrætt lyf væri baneitrað með fylgikvilla, sem minntu á einkenni Covid-19 á lokastigi sjúkdómsins. Remdesivir er framleitt af lyfjafyrirtækinu, Gilead, sem Bill á stóran hlut í. (Vonandi fer það á sama sorphaug og Alival, lyfið, sem átti að veita fólki nýtt líf í þunglyndinu.)

Vænlegustu gróðaleiðina uppgötvaði Bill í sögu Rockefeller auðkýfingana. Þeir lentu í svipuðum hremmingum og Bill sjálfur. Ein leið til að græða meira fé og auka vegsemd og völd, var að stofna velgjörða- eða mannvinasjóð, Rockefellersjóðinn (Rockefeller Foundation, stofnaður af John Davison Rockefeller (1874-1960)).

Þessi sjóður hefur gríðarleg ítök í veröldinni, bæði á sviði efnahagsmála og stjórnmála. Þar með eru talin alþjóðastjórnmál og heilbrigðismál. Sjóður Rockefeller hefur t.d. staðið fyrir eða styrkt bólusetningar barna í svokölluðum þriðja heimi og fjármagnað kvenfrelsunaráróður beint og óbeint með veglegum styrkjum til æðri menntastofnanna, sem eru gegndrepa af kvenfrelsunarfræðum og/eða (öðrum) eymdarfræðum (woke). Þar hefur Bill bætt um betur eða öllu heldur kvenfrelsarinn Belinda French Gates (f. 1964), eiginkonan fyrrverandi.

Bill lærði líka, að gróðavænlegt væri að öðlast ítök í opinberum stofnunum og hafa áhrif á fjárveitingavald ríkja, þ.e. kaupa upp embættismenn og stjórnmálamenn, hygla þeim eða styrkja – stundum jafnvel að ráða þá til starfa. Þannig hefur t.d. tekist með góðum árangri að fá ríkisstjórnir Vesturlanda til að fjármagna kvenfrelsunarhreyfingarnar af skattfé almennings og tilraunaframleiðslu lyfjafyrirtækjanna.

Bill þurfti ekki lengi að leita að bandamanni. Ofangreindur Anthony var kjörinn fóstbróðir. Þessir fóstbræður minna óneitanlega á Pfizerfóstbræðurna á Íslandi, Þórólf og Kára, en allir eru þeir hollir Pfizer.

Toni og Bill felldu umsvifalaust hugi saman. Það var ást við fyrstu sýn, enda hafa samfarir þeirra reynst farsælar allar götur síðan. Nú er að vísu farið að volgna undir Tona, en hann kann þá kúnst að skammota sér um króka kerfisins og beita skattbilljónum til að kaupa sér grið og frið.

Báðir eiga verulega hlutabréfahlutdeild í stóru lyfjafyrirtækjunum, sem undirbúin voru, áður en núverandi veirukreppa var látin skella á, til að framleiða bóluefni, fyrst og fremst erfðabóluefni á borð við mRNA. En það er svipuð erfðatækni og notuð var til að framleiða veiruna góðu. Moderna er Tona sérstaklega hjartfólgið, enda einstök Auðhumla.

Í febrúar 2021, þegar Johnson og Johnson fengu neyðarmarkaðsleyfi fyrir bóluefni sitt í Bandaríkjunum Norður-Ameríku (BNA), fékk fyrirtæki Bill, Novavax, 1.6 billjón dala styrk frá hinu opinbera. BioNTech/Pfizer og þýska ríkisstjórnin fjárfestu í fyrirtækinu. Hagsmunaskrifinnar í ríkisstjórn BNA sáu til þess, að stjórnvöld keyptu bóluefni fyrirtækisins að andvirði tveggja billjóna dala. Við þessa gjörninga hækkaði hlutur Bill úr 55 milljónum dala í 1.1 billjón.

Þess má geta, að ráðherra í þýsku ríkisstjórninni beitir sér nú fyrir bólusetningu allra landsmanna og hefur í hótunum við óbólusetta. Bólusetningahaukurinn í áströlsku ríkisstjórninni, sem er ein hinna öfgafyllstu í heimi, kvenfrelsarinn Jane Halton (f. 1960) kemur af launaskrá Bill.

Hamfarirnar voru vandlega undirbúnar, bæði í Bandaríkjunum sjálfum, á Vesturlöndum sem og á alþjóðagrundvelli. Fóstbræðurnir hafa ótrúleg og ógnvænleg völd í stjórnámum, atvinnulífi og heilbrigðisþjónustu. Þeir rækta markaðinn vel og ávaxta sitt pund, sbr. greinina neðanmáls.

Robert segir: „Auður Gate’s jókst um 23 billjónir dala árið 2020, meðan á þeim sóttkvíum (lockdown) stóð, sem að verulegu leyti voru runnar undan rifjum hans og Fauci.“

Bill leitar uppi fólk af sama sauðahúsi til samstarfs. Einn þeirra er stjórnandi bresku Wellcome samsteypunnar (trust), fjórða stærsta sjóðs í veröldinni, læknirinn, Jeremy James Farrar (f. 1961). Sjóðurinn fjárfestir í líftæknilækningum. Fyrrgreindir heiðursmenn sáu eins og eðlilegt má teljast, brýna nauðsyn til að tryggja markaðinn fyrir bóluefnin, sem báðir höfðu hag af því að selja. Þeir afréðu því að blása auknu lífi í faraldurinn með vísindalegum áróðri.

Fyrir valinu varð breski farsóttar- og lífstærðfræðingurinn, Neil Morris Ferguson (f. 1968) en hann starfar við Imperial College í Lundúnum, sem nýtur vænna styrkja frá Bill. Þeir fjármögnuðu spálíkan, sem Neil beitti, samkvæmt norður-ameríska lögfræðingnum, Robert Kennedy (f. 1954), „til að gera trylltar spár um dauðsföll af völdum Covid-19, sem stuðluðu að því að blása lífi í (ratchet up) skelfingarherferðina og færa rök fyrir grimmdarlegum sóttkvíum.“ (Robert Kennedy: („Hinn raunverulegi Anthony Fauci: Bill Gates, lyfjarisarnir og alheimsstríðið gegn lýðræði og lýðheilsu (The Real Anthony Fauci: Bill Gates, Big Pharma, and the Global War on Democracy and Public Health))

Fóstbræðurinir eiga einnig samstarf við herinn, einkum veiru- og sálhernaðardeildir hans, og stjórnvöld ríkra, vestrænna ríkja, sem fyrir atbeina þeirra hafa að töluverðu leyti beint svokallaðri þróunaraðstoð í farveg stofnunar, sem kallast GAVI [Alheimssamtök um bólusetningar og ónæmisaðgerðir - Global Alliance for Vaccines and Immunization]. Þar hefur Bill tögla og haldir eins og í Alþjóðaheilbrigðismálastofnun Sameinuðu þjóðanna (WHO) og Barnaverndarstofnun þeirra, UNICEF (United Nations International Children's Emergency Fund).

Í bók sinni segir Robert Kennedy jr.:

„Yfirráð þeirra [Bill og Anthony] yfir árlegu framlagi, sem nemur billjónum dala veitir þeim [jafnframt] eiginleg yfirráð yfir WHO og sömuleiðis föruneysi hálfopinberra valdastofnana, sem Gates – oftsinnis með stuðningi og aðstoð Fauci – setti á stofn og/eða fjármagnaði. Þar með eru taldar CEPI [Bandalag um farsóttarundirbúning – Coalition for Epidemic Preparedness], GAVI, PATH [alþjóðleg heilbrigðisráðgjafastofnun í Seattle, BNA), UNITAID [Alþjóðleg heilbrigðissamtök], SAGE [Sérfræðingaráðið um stefnumótun í CAVI) - Strategic Advisory Group of Experts], Alheimsþróunaráætlunin (Global Development Program), Alheimssjóðurinn (Global Fund) og Brighton samstarfið [um Covid-19 - Brighton Collaboration].“

Yfirráð fóstbræðranna ná einnig til „heilbrigðisráðherra fjölmargra Afríkurríkja, sem reiða sig að miklu leyti á WHO og annað samstarf á alþjóðavettvangi. ... í ljósi gífurlegs umfangs fjármögnunar frá stofnun hans [Bill Gates and Belinda Gates Foundation] er Bill Gates orðinn óopinber leiðtogi WHO, þrátt fyrir að hafa ekki verið valinn til þess.“ Leppur hans er líffræðingurinn, Tedros Adhanom Ghebreyesus (f. 1965), fyrrum utanríkis- og heilbrigðismálaráðherra Eþópíu.

Who styður markaðssókn Bill og Tona í þágu lyfjafyrirtækjanna í Afríku og annars staðar í þriðja heiminum með alls konar þvingunaraðgerðum. Markaðsetning felst m.a. í vafasömum, ósiðlegum og stundum stórhættulegum bólusetningartilraunum, þvingunum til kaupa á vafasömum afgangslýfjum frá Vesturlöndum og mútum til stjórnvalda í þeim löndum, sem þeir beina spjótum sínum að.

Robert segir: „Gagnger yfirráð Gates yfir WHO hefur gert Afríku að léni hans. Þjóðir álfunnar hafa orðið að tilraunagrísimum. Fyrir Gates eru bóluefni herkænskumannúð, sem fitar hin fjölmörgu bóluefnatengdu fyrirtæki hans og gefa honum um leið alræðisvald yfir heilbrigðisstefnumótum á heimsvísu, sem snertir milljónir mannlífa.“

WHO hefur haft forgöngu um samninga Vesturveldanna við lyfjafyrirtækin þess efnis, að þau séu undanþegin skaðabótaábyrgð og ábyrgist jafnframt kaup á tilraunalyfjaframleiðslu þeirra. Samningurinn tekur gildi, þegar WHO kveður á um, að farsótt sé skollin á. Það gerðist einmitt nú við upphaf Covid-19 farsóttarinnar.

Söguhetja vor, Bill, er fylginn sér og hugmyndaríkur og lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenna, þegar draumur hans um bólusetningu allrar heimsbyggðarinnar er annars vegar. Auðkýfingurinn lætur sér svo sannarleg ekki nægja framleiðslu á veirum og bóluefnum, heldur hefur hann, samkvæmt neðangreindri frétt, í bígerð að erfðabreyta mýflugum til bólusetninga.

Í næsta alheimsfaraldri mun hann þá hugsanlega sleppa lausu bólusetningarflugnageri, sem kemur í stað hjúkrunarfræðingagers. En það má ala þá von í brjósti, að bóluefnið verið hættuminna og áhrifameira en það, sem nú er dælt í hvert mannsbarn frá vöggum til grafar. Aðgerðin er langt komin.

<https://humansarefree.com/2021/02/bill-gates-wants-to-release-genetically-modified-mosquitoes-to-inject-you-with-vaccines.html>

<https://www.cnbc.com/2019/01/23/bill-gates-turns-10-billion-into-200-billion-worth-of-economic-benefit.html>